

La 1/5 af land

1013/86

Skjalið sömdu:
Páll Arnór Pálsson hrl. (7023-5021)
og Benedikt Blöndal hrl. (0983-7965)

A F S A L

Við undirritaðir, eigendur Hvamms í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu:

Eigendur Efsta Hvamms: Kristján Finnbogason (5850-1082), Staðarhrauni 9, Grindavík, Ólafur Finnbogason (6752-4691), Klausturhvammi 5, Hafnarfirði, Lárus Finnbogason (6012-6259), Núpabakka 3, Reykjavík, Svanberg Finnbogason (8571-9009), Höfðabraut 7, Akranesi, Kristmundur Finnbogason (5939-6188), Lindarflöt 14, Garðabæ og Jón Árnason (5106-7010), Jaðarsbraut 27, Akranesi, sem saman eigum 4 hundruð í Hvammi öllum að fornu mati, Gunnar Hvammdal Sigurðsson (3384-6045), Meistaravöllum 15, Reykjavík, sem á 4 hundruð að fornu mati, og Kristján Finnbogason (5850-1032), sem auk ofanritaðs á 8 hundruð að fornu mati,

eigendur Efri Mið-Hvamms: Garðar Sigurðsson (2523-7978) og Jóhann Sigurðsson (4992-1608), báðir í Neðsta Hvammi, Þingeyrarhreppi, sem saman eiga 8 hundruð að fornu mati, og Lárus Hagalínsson (6015-3280), Hlíðarvegi 6, Suðureyri, f.h. dánarbús Guðmundu Lárusdóttur (3024-0421), Hrafnistu, Reykjavík, eiganda 3 hundruða að fornu mati,

Ingvar G. Jónsson (4772-1202), Drápuhlið 5, Reykjavík, eigendur Neðri Mið-Hvamms: Guðmundur F. Jónsson (3083-8203), Háleitibraut 123, Reykjavík, Kristinn Jónsson (5819-1957), Fellsmúla 17, Reykjavík, og Jörunn Jónsdóttir (5349-3181), Háholti 10, Akranesi, f.h. dánarbús Sigurjóns Jónssonar, sem saman eiga 11 hundruð í jörðinni allri að fornu mati,

og eigendur Neðsta Hvamms: Garðar Sigurðsson (2523-7978) og Jóhann Sigurðsson (4992-1608), sem auk ofanritaðs eiga saman 11 hundruð að fornu mati, auk þess að Garðar Sigurðsson (2523-7978) á ennfremur 5,5 hundruð að fornu mati, Leifur Þorbergsson (6070-7286), Fjarðargötu 10, Þingeyri, sem á 3 hundruð að fornu mati, og Aage Steinsson (0002-4252), Meltröð 6, Kópavogi, f.h. dánarbús Jóhanns Steinssonar, sem á 2,5 hundruð í jörðinni allri að fornu mati,

seljum hér með og afsöllum hreppsnefnd Þingeyrarhrepps f.h. hreppsins (9351-1778) hluta úr óskiptu landi jarðarinnar Hvamms í Þingeyrarhreppi.

Hinn seldi jarðarhluti nær svo langt sem jörðin nær frá fjallsbrún til sjávar og markast að utan við mörk hennar og Þingeyrar en að innan af línu, sem dregin er um 150 metrum

fyrir innan spennivirki Orkubús Vestfjarða og mörkuð hefur verið á uppdrátt, er fylgir afsali þessu, ásamt hnitum á tveimur punktum, sem liggja á línunni.

Kaupverð hins selda er að fullu greitt. Kaupandi yfirtekur ekki að neinu leyti þær skuldir, er hvíla á jörðinni Hvammi, en seljendur skuldbinda sig til að sjá um, að öllum veðböndum verði létt af hinum selda jarðarhluta innan sex mánaða frá útgáfu þessa afsals.

Meðan bræðurnir Garðar Sigurðsson (2523-7978) og Jóhann Sigurðsson (4992-1608) búa á jörð sinni skulu þeim heimil endurgjaldslaus afnot túns, ca 1 ha að stærð, sem afgirt er á flöt innan við svokallaða Stauralág. Þeim eru einnig heimil endurgjaldslaus beitarafnot hins selda jarðarhluta, innan núverandi grindahliðs, meðan þeir búa á jörðinni og hreppurinn þarf ekki landsins til annarra nota. Hreppnum er óheimilt að leigja öðrum beit á landinu næstu 10 ár.

Úr hinum selda jarðarhluta hafa nokkrir aðilar fengið skákir og spildur skv. leigu- og erfðafestu samningum sem hér segir:

Vegamót. Lóð til Magnúsar Lárussonar skv. lóðarleigusamningi 29. október 1943. Núverandi leigulóðarhafi er Sólborg Matthíasdóttir.

Tröð. a) 4.320 fm. ræktunarlóð, b) 8.736 fm. lóð skv. leigusamningi við Guðmund Tómasson upphaflega en núverandi lóðarhafi er Sigurjón Jónasson skv. kaupsamningum.

Gras. a) 3.860 fm. lóð með íbúðarhúsi, b) 1.100 fm. lóð með útihúsum skv. leigulóðarsamningi við Ólaf Steinþórsson 19. desember 1983.

Grundarhóll. 300 fm. lóð til Gests Magnússonar, skv. lóðarleigusamningi 20. nóvember 1954. Núverandi leigulóðarhafi er Sólborg Matthíasdóttir.

Innri-Hóll (Innri-Lækjartunga). Lóð skv. erfðafestusamningi við Magnús Einarsson 30. desember 1946. Núverandi rétthafi Gunnlaugur Magnússon. Ótilgreind stærð lóðar, en hún er greinilega afmörkuð.

Lækjartunga. 7.442 fm. lóð á erfðafestu skv. upphaflegum samningi við Jón Jóhannsson 18. júlí 1931 og síðari viðbótum. Núverandi rétthafi er Guðrún Hulda Jónsdóttir.

Fjarðargata 58. 730 fm. lóð skv. leigusamningi við Hafstein Aðalsteinsson 27. apríl 1978 (úr landi Lækjartungu hér að framan).

Fjarðargata 56. 3.000 fm. lóð skv. erfðafestusamningi við Gunnar Sigurðsson 31. janúar 1954.

Fjánhúslóð. 760 fm. að stærð skv. leigusamningi við Gunnar Sigurðsson árið 1961. Norðanvert við lóð Gunnars, neðan Dýrhóla.

Fjarðargata 54. 1.020 fm. lóð skv. leigulóðarsamningi við Gunnar Sigurðsson 15. nóvember 1967.

Ásbyrgi. 1.568 fm. lóð skv. leigusamningi við Sigurbjörn Eliasson 15. júlí 1984 (framl. á eldri samningi við Tómas Guðmundsson).

Ásgarðsnes. 7.125 fm. lóð skv. erfafestusamningi við Jóhannes Þ. Jónsson 30. desember 1946. Núverandi rétthafi er Gunnar Jóhannesson.

Ásgarðsnes. 730 fm. lóð skv. leigusamningi við Steinar Sigurðsson 20. maí 1974 (skiki úr lóð Gunnars Jóhannessonar).

Ásgarðsnes. 504 fm. lóð skv. leigusamningi við Brautina sf. í janúar 1982 (skiki úr lóð Gunnars Jóhannessonar).

Dýrhólar. 12.836 fm. land skv. erfafestusamningi við Halldór Jónsson 30. mars 1928. Núverandi rétthafi er Halldór Egilsson.

Tekur kaupandi við öllum réttindum og skyldum leigusala samkvæmt samningum þessum.

Að öðru leyti en að ofan greinir er jarðarhlutinn seldur án kvaða og veðbanda. Jarðarhlutanum er afsalað í núverandi ástandi og hefur kaupandi kynnt sér ástand hans og sætt sig við í alla staði. Er hann laus til afnota fyrir kaupanda í dag og tekur hann frá þeim tíma að hirða arð hans og greiða af honum skatta og skyldur.

Kaupandi greiðir stimpil- og þinglýsingargjöld af öllum skjölum er varða eigendaskiptin.

Samkvæmt framansögðu lýsum við undirrituð Þingeyrarhrepp réttan og löglegan eiganda framangreinds hluta úr jörðinni Hvammi í Þingeyrarhreppi. Heldur hann kaupi sínu til laga en við svörum til vanheimildar.

Til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Reykjavík og Þingeyri í febrúar 1986. *RAP*


Gunnar P. Jónsson
Steinar Sigurðsson
Halldór Egilsson
Ólafur Þimboegason
Kristján Þimboegason
Lárus H. Þimboegason
Lárus H. Haraldsson

Ingvardur Jónsson
Gunnar Hannibal
Svanberg Þimboegason
Jón. Þimboegason
F.h. erfingja Jóhanns Steinarssonar
Árge Steinarsson
Harðar Sigurðsson

Vottar að réttri tímasetningu, undirskrift og yfirlýsingu um fjárræði aðila:

Róel A. Róelsson hl.

Jónann Sigurðsson
Reifur Þorlúeysson
F.h. þingeyrarhrepps
Jónas Ólafsson



HJARFJÖRÐUR
PINGEYRI
DYRAFJÖRÐUR

Hlotur
pingeyrahrepps
skv. gísli 1013/16
Sesúni

Pingeiri

Sandur

Brekkudalur

Hvammsdalur

Hvammsfjall

Brekkudalur

Gatardalur

Göngudalur

Grjótskal

Heidreinni

Geldingadalur

Trolla

Kirkja

Mealdalur

Kirkjubólsta

Brekkaálsa

Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur


Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur

Brekkudalur



Réit hösnid af furráli staðferðis,
 Þingeyri, hinn 19. júní 2001.

Þórunn Sigrún Gústafsdóttir